

ÁRSFUNDUR FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS HALDINN MÁNUDAGINN
13. maí 2019 KL. 17:15 Í HÚSAKYNNUM ARION BANKA, BORGARTÚNI 19,
105 REYKJAVÍK.



Ásdís Eva Hannesdóttir stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:15 og bauð sjóðfélaga velkomna. Hún gerði tillögu um að Gestur Jónsson hrl yrði kosinn fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Gestur tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði samþykka sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bærán að afgreiða dagskrárefni. Í Frjálsa lífeyrissjóðnum eru skráðir 59.829 sjóðfélagar og heildaratkvæðamagn þeirra 261.776.359.267. Á fundinn var mætt af hálfu 1.183 sjóðfélaga og farið með 27.200.054.030 atkvæða eða 10,39% heildaratkvæða.

Gestur lagði til að dagskrá yrði breytt með þeim hætti gengið yrði til kosninga eftir að liðunum Skýrsla stjórnar og Kynning ársreiknings væri lokið. Jafnframt að boðið yrði upp á umræðu um báða liðina fyrst eftir að kynningu á skýrslu stjórnar væri lokið. Tillögurnar voru samþykktar.

Gestur greindi frá því að Soffía Björgvinsdóttir frá KPMG væri á fundinum til að hafa eftirlit með kosningu og talningu atkvæða.

Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar

Hér kemur ávarp formanns stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins Ásdísar Evu Hannesdóttur. Ávarp á heimasíðu Frjálsa:
<http://www.frjalsi.is/library/Skrar/Um-sjodinn/Gogn-arsfundar/2019/Ávarp%20stjornarformanns%202019.pdf>

2. Kynning ársreiknings

Arnaldur Loftsson framkvæmdarstjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins kynnti ársreikning Frjálsa 2018. Sjá kynningu:
<http://www.frjalsi.is/library/Skrar/Um-sjodinn/Gogn-arsfundar/2019/Kynning%20ársreiknings.pdf>

Arnaldur fór yfir breytingu á hreinni eign, efnahagsreikning og helstu liði í skýringum. Arnaldur fór yfir samanburð á kennitölum sjóðsins í samanburði við nokkra lífeyrissjóði. Auk þess greindi hann frá þeirri þróun sem hefði átt sér stað í rafrænni þjónustu við sjóðfélaga. Í lokin greindi hann frá niðurstöðu skýrslu ráðgjafafyrirtækisins Analytica ehf um samanburð á ávöxtun samtryggingardeilda nokkurra lífeyrissjóða. Á síðasta ársfundi steig sjóðfélagi í pontu sem jafnframt situr í endurskoðunarnefnd hjá einum af stærsta

Lífeyrissjóði landsins og kynnti samanburð sem hann hafði gert á ávöxtun samtryggingadeildar Frjálsa og nokkurra annarra valinna lífeyrissjóða. Frjálsi fékk ráðgjafafyrirtækið Analytica til að rýna í samanburðinn eftir fundinn. Niðurstaðan varð sú að samanburðurinn hjá sjóðfélaganum var beinlínis rangur og misvísandi því hann bar saman ávöxtun sjóða sem beita mismunandi uppgjörsaðferð án leiðréttingar til markaðsvirðis skuldabréfa sjóðanna. Analytica endurreiknaði ávöxtun allra sjóðanna miðað við sömu tímabil og sjóðfélaginn hafði kynnt, þ.e. til 3ja ára, 5 ára, 8 ára og 18 ára og reiknaði hana m.v. markaðsvirði. Útreikningar Analytica leiddu til allt annarrar niðurstöðu en sjóðfélaginn fékk. Ávöxtun Frjálsa var m.a. hæst til 3ja ára og 18 ára en ekki lægst eins og kom fram í kynningu sjóðfélagsins.

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta fór yfir ávöxtun og eignasamsetningu Frjálsa lífeyrissjóðsins á árinu 2018. Hann fór yfir þróun markaða á árinu 2018. Raunávöxtun leiðanna var á árinu 2018: Frjálsi áhætta 4,3%, Frjálsi 1: 4,4%, Frjálsi 2: 6,4%, Frjálsi 3: 7,1% og tryggingadeildin var með 5,6% raunávöxtun að markaðsvirði en 5,1% á bókfærðu virði. Hjörleifur sýndi ávöxtun leiðanna niðurbrotið á eignaflokka. Innlend skuldabréf gáfu stærsta hluta ávöxtunarinnar. Hjörleifur fór yfir langtímaávöxtun sjóðsins og samanburð á ávöxtun Frjálsa gagnvart samanburðarsjóðum. Farið var yfir eignasamsetningu Frjálsa og gerð grein fyrir helstu breytingum á árinu 2018. Aukning átti sér stað í erlendum eignum þ.e. í hlutabréfum og öðrum eignaflokkum. Innbyrðis í skuldabréfasafni var nokkur tilfærsla frá ríkisbréfum yfir í bréf sem gefa hærri ávöxtun. Að lokum fór Hjörleifur stuttlega yfir þróun markaða það sem af er ári 2019 og ávöxtun leiðanna frá áramótum. Árið fór vel af stað en Hjörleifur benti á að um stutt tímabil væri að ræða.

Umræður

Enginn tók til máls.

3. Kosning aðalmanna í stjórn

Gestur fundarstjóri sagði frá því að Soffía Björgvinsdóttir eftirlitsaðili frá KPMG hefði dregið um röð á ræðum frambjóðenda til setu aðalmanna í stjórn Frjálsa, sjá eftirfarandi glærur frambjóðenda:

1. [Hrafn Árnason](#)
2. [Halldóra Elín Ólafsdóttir](#)
3. [Jón G. Kristjánsson](#)
4. [Ingvi Þór Georgsson](#)

5. Rúnar Einarsson
6. [Elín Þórðardóttir](#)
7. [Elías Jónatansson](#)
8. [Katrín Bryndís Sverrisdóttir](#)
9. [Dagrún Hálfánardóttir](#)
10. [Ásdís Eva Hannesdóttir](#)
11. [Magnús Pálmi Skúlason](#)
12. [Róbert Birgir Agnarsson](#)

Gestur greindi frá því að kosið væri um þrjá stjórnarmenn til þriggja ára og tvo stjórnarmenn til tveggja ára. Þegar niðurstaða í kosningu aðalmanna lægi fyrir yrði gengið til kosninga í varastjórn.

Eftirtaldir skiluðu inn framboðum í aðalstjórn til þriggja ára:

- Elías Jónatansson
- Elín Þórðardóttir
- Halldóra Elín Ólafsdóttir
- Hrafn Árnason
- Ingvi Þór Georgsson
- Jón Guðni Kristjánsson
- Katrín B. Sverrisdóttir
- Rúnar Einarsson

Eftirtaldir skiluðu inn framboðum í aðalstjórn til tveggja ára:

- Ásdís Eva Hannesdóttir
- Dagrún Hálfánardóttir
- Magnús Pálmi Skúlason
- Róbert Birgir Agnarsson

Gestur skýrði út hvernig fylla ætti út atkvæðaseðilinn. Gengið var til kosninga. Því næst var þessum lið á dagskránni frestað þar til niðurstaða talningar lægi fyrir. Starfsmenn rekstraraðila önnuðust talningu og

var frambjóðendum boðið að hafa fulltrúa sína viðstadda. Soffía Björgvinsdóttir frá KPMG hafði eftirlit með talningunni.

4. Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson kynnti niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar m.v. 31.12.2018 sem átti eingöngu við um tryggingadeild sjóðsins. Bjarni fór yfir forsendur í tryggingafræðilegu athuguninni. Mikilvægustu forsendur voru vextir og lífslíkur. Lífslíkur sjóðfélaga voru nú metnar eftir lífslíkum þeirra sem eiga réttindi í lífeyrissjóðum, ekki eftir upplýsingum úr þjóðskrá. Nýr reiknigrundvöllur var talinn gefa réttara mat á skuldbindingum Frjálsa lífeyrissjóðsins og var því notaður við tryggingafræðilega athugun sjóðsins 2018. Meðalævi reiknaðist lengri en eftir fyrri forsendum og því hækkar mat eftirlaunaskuldbindinga almennt. Fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn var aðlögun örorkulíkinda 61% af meðaltali fyrir nýgengi örorku karla og 68% af meðaltali fyrir nýgengi örorku kvenna. Breytingin er til töluverðrar lækkunar á mati örorkuskuldbindinga. Ekki hafa allir lífeyrissjóðir enn tekið mið af nýjum reiknigrundvelli.

Niðurstaðan var sú að áunnin staða Frjálsa lífeyrissjóðsins breyttist úr 5,1% í 5,5%, framtíðarstaða var -0,3% og heildarstaða var 2,1% og batnaði staðan frá árinu á undan um 0,2 prósentustig.

5. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2019. Hjörleifur fór yfir áherslubreytingar stjórnar milli ára í fjárfestingarleiðum Frjálsa. Hlutfall erlendra fjárfestinga var aukið, fjölbreytni erlends eignamengis var aukin, dregið var úr vægi innlendra hlutabréfa, óskráðar innlendar fjárfestingar vógu minna og dregið var úr vægi innlendra ríkisskuldabréfa og innlána. Aukin áhersla var á sértryggt skuldabréf, skuldabréf traustra fyrirtækja og veðskuldabréf. Hjörleifur sagði að sjóðfélagalán hafa náð ákveðnu jafnvægi eftir miklar hækkanir síðustu ára. Einnig voru vikmörk aðlöguð í samræmi við áherslubreytingar.

Hjörleifur fór yfir samanburð á fjárfestingarstefnum samtryggingardeilda og séreignardeilda Frjálsa, Almenna lífeyrissjóðsins og Íslenska lífeyrissjóðsins, og árétti að mikilvægt væri að hafa í huga að þessir sjóðir væru ekki með nákvæmlega eins stefnu.

Hjörleifur sagði að eftir því sem aldur færir yfir geti sjóðfélagar fært sig milli fjárfestingarleiða, t.d. yfir í áhættuminni leiðir. Hann benti á að mun meiri áhugi væri á útgreiðslukynningum sjóðsins en þegar að kynnt væri uppbygging, ávöxtunarleiðir og ávöxtun sjóðsins. Hjörleifur hvatti fundargesti til að koma á fundi sem og að vekja athygli annarra á lífeyrismálum.

7. Kjör endurskoðanda

Elín Þórðardóttir formaður endurskoðunarnefndar Frjálsa kynnti aðdraganda að tillögu um endurskoðanda sjóðsins. Að undangengnum tilboðum sem stjórn Frjálsa leitaði í endurskoðun sjóðsins var lagt til að KPMG yrði endurskoðandi sjóðsins. Deloitte hefði verið endurskoðandi sjóðsins frá árinu 2004.

Samkvæmt samþykktum sjóðsins þurfa tillögur um endurskoðanda að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund. Engar aðrar tillögur bárust og er KPMG því sjálfkjörið sem endurskoðandi sjóðsins.

9. Laun stjórnarmanna

Stjórnarlaun aðalmanna

Ásdís Eva stjórnarformaður kynnti tillögu um stjórnarlaun. Lagt væri til að stjórnarlaun aðalmanna yrðu 185.000 kr. á mánuði og að laun stjórnarformanns yrði tvöföld laun aðmanns. Ef stjórnarfundir yrðu fleiri en einn í mánuði skyldi greitt sérstaklega fyrir hvern aukafund, umfram reglubundna stjórnarfundi skv. starfsáætlun stjórnar, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna. Tillaga um greiðslu fyrir aukafundi tæki mið af framkvæmd hjá Gildi lífeyrissjóði sem greiði aukalega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í hverjum mánuði. Tillagan feli í sér að þó yrði ekki greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári. Geti stjórnarlaun aðmanns þannig orðið að hámarki 239 þús. krónur að meðaltali á mánuði fyrir starfsárið. Laun aðalmanna hefðu verið 163.500 kr. á mánuði frá ársfundi 2017 og laun stjórnarformanns tvöföld en stjórnarlaunum var haldið óbreyttum á ársfundi sjóðsins árið 2018 en hækkunin nú tæki mið af hækkun launavísitölu sl. tvö ár.

Tillaga um hækkun launa stjórnarmanna var samþykkt af þorra sjóðfélaga en 3 sjóðfélagar á fundinum voru á móti tillögunni.

Stjórnarlaun varamanna

Lagt var til að stjórnarlaun varamanna verði helmingur af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna fyrir hvern setinn fund. Árslaun varamanna skulu vera að lágmarki ein og hálf mánaðarlaun stjórnarmanns.

Tillaga um hækkun launa varamanna var samþykkt af þorra sjóðfélaga en 3 sjóðfélagar á fundinum voru á móti tillögunni.

Fundarstjóri ákvað að taka næst á dagskrá áttunda lið, **Tillögur um samþykktabreytingar**, því ekki voru komnar niðurstöður í kosningum stjórnarmanna.

8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Magnús Pálmi Skúlason stjórnarmaður í Frjálsa kynnti tillögu stjórnar á samþykktabreytingum á grein 4.9.:

4.9. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjóri er ekki kjörgengur í stjórn sjóðsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykktu sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar.

Daglegur rekstur sjóðsins tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn sjóðsins, nema ekki sé unnt að biðja heimildar hennar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi sjóðsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn sjóðsins tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera rekstrarsamning við fjármálafyrirtæki eða annan hæfan aðila um daglegan rekstur sjóðsins í heild eða að hluta, að undanskilinni framkvæmdastjórn sjóðsins. Í rekstrarsamningi skal sérstaklega kveðið á um eftirlit stjórnar og framkvæmdastjóra með framkvæmd samningsins. Rekstrarsamningur skal birtur á vefsíðu sjóðsins en stjórn er heimilt í undantekningartilvikum, ef ríkar ástæður eru til, að undanskilja atriði sem geta varðað mikilvæga viðskiptalega hagsmuni beggja samningsaðila, en sjóðfélagar skulu þá upplýstir um hvaða atriði voru efnislega undanskilin. Rekstrarsamningur skal sendur viðeigandi stjórnvaldi til kynningar.

Hyggist stjórn gera breytingar á rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins að þessu leyti eða breyta vali á rekstraraðila skal slík tillaga borin undir sjóðfélaga og öðlast aðeins gildi hljóti tillagan samþykki a.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða, líkt og gildir um samþykktarbreytingar skv. gr. 21.1.

Arion banki hf. skal annast daglegan rekstur sjóðsins skv. rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins og Arion banki hf. gera þar að lútandi. Þetta samkomulag skal sent fjármálaeftirlitinu eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi til kynningar.

Halldór Friðrik Þorsteinsson stjórnarmaður í Frjálsa lífeyrissjóðnum kynnti breytingartillögu sína.

Lagt var til að 5. mgr. í tillögu stjórnar um breytingu á gr. 4.9. yrði felld úr tillögunni.

Orðalagið sem lagt var til að felld yrði úr tillögunni var:

... Hyggist stjórn gera breytingar á rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins að þessu leyti eða breyta vali á rekstraraðila skal slík tillaga borin undir sjóðfélaga og öðlast aðeins gildi hljóti tillagan samþykki a.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða, líkt og gildir um samþykktarbreytingar skv. gr. 21.1.

Fundarstjóri útskýrði að verið væri að kjósa um hvort 5. mgr. yrði hluti af breytingartillögu á gr. 4.9 sem kosið væri um síðar á fundinum. Einfaldur meirihluti réði niðurstöðu þessarar kosningar.

Tillaga Halldórs var því næst borin undir atkvæði.

Gengið var til skriflegra kosninga um 5. málsgreinina og útskýrði fundarstjóri hvaða atkvæðaseðil ætti að nota fyrir breytingartillöguna.

Þessum lið á dagskránni var því næst frestað þar til niðurstaða talningar um breytingartillögu Halldórs lægi fyrir. Starfsmenn rekstraraðila önnuðust talningu undir eftirliti Soffíu Björgvinsdóttur.

2. Kosning aðalmanna í stjórn, framhald

Því næst kynnti fundarstjóri niðurstöður í stjórnarkjöri til þriggja ára.

Niðurstaða um fjölda atkvæða:

Elín Þórðardóttir 16.257.526.464

Elías Jónatansson 16.235.820.792

Jón G. Kristjánsson 14.239.917.527

Katrín Bryndís Sverrisdóttir 9.563.867.746

Ingvi Þór Georgsson 8.349.868.910

Hrafn Árnason 5.263.293.669

Halldóra Elín Ólafsdóttir 2.441.775.664

Rúnar Einarsson 415.275.909

Auðir og ógildir 0

Samtals greidd atkvæði 72.767.346.681

Elín Þórðardóttir, Elías Jónatansson og Jón G. Kristjánsson voru því réttkjörin sem stjórnarmenn sjóðsins til næstu þriggja ára.

Því næst var þessum lið dagskrárinnar frestað þar til niðurstaða talningar lægi fyrir um stjórnarkjör til tveggja ára.

4. Kosning varamanna í stjórn

Gestur fundarstjóri greindi frá að Soffía Björgvinsdóttir hefði dregið um röð á kynningarræðum frambjóðenda til varastjórnar.

Eftirtaldir skiluðu inn framboðum í varastjórn, sjá kynningar þeirra hér:

- [Sæmundur Norðfjörð](#)
- [Anna María Sigurðardóttir](#)
- [Halldóra Elín Ólafsdóttir](#)
- [Hrafn Árnason](#)
- [Ingvi Þór Georgsson](#)
- [Sigurður H. Ingimarsson](#)

Gestur fundarstjóri upplýsti fundinn um að honum hafi borist upplýsingar um að í kjörkössum fyrir kosningu aðalmanna hefðu verið einhverjir kosningaseðlar um varamenn. Hann vissi ekki hvað seðlarnir væru margir né hve atkvæðin væri mörg. Soffía Björgvinsdóttir, eftirlitsmaður með talningunni, hefði tekið seðlana frá og hefði þá í sinni vörslu. Hann lýsti þeirri afstöðu sinni að seðlarnir kæmust að við talningu í varastjórn og leitaði eftir athugasemdum frá fundarmönnum við þá tilhögun.

Sigurður H. Ingimarsson lýsti efasemdum við fyrirkomulagið en eftir nánari skýringar frá fundarstjóra ákvað hann að gera ekki athugasemd við þá tilhögun talningar sem fundarstjóri hefði lýst.

Unnar Már Sigurbjörnsson, sagðist gera sambærilega athugasemd og Sigurður H. Ingimarsson hefði gert. Skýrt hefði komið fram að kjósa ætti um aðalmenn en ekki varamenn. Hann óskaði eftir því að seðlarnir yrðu ógiltir.

Fundarstjóri ákvað að atkvæðaseðlarnir teldust gildir. Enginn fundarmanna óskaði þess að sú ákvörðun yrði borin undir fundinn.

Fundarstjóri skýrði út að kosið væri um einn varamann til þriggja ára, einn til tveggja ára og einn til eins árs. Sá sem fengi flesti atkvæði væri kosin til þriggja ára o.s.frv. Gengið var til kosninga. Því næst var þessum lið dagskrárinnar frestað þar til niðurstaða talningar lægi fyrir. Starfsmenn rekstraraðila önnuðust talningu og var frambjóðendum boðið að hafa fulltrúa viðstadda. Soffía Björgvinsdóttir frá KPMG hafði eftirlit með talningunni.

2. Kosning aðalmanna í stjórn, framhald

Því næst kynnti fundarstjóri niðurstöður í stjórnarkjöri aðalmanna til tveggja ára.

Ásdís Eva Hannesdóttir 16.701.060.437

Magnús Pálmi Skúlason 16.316.052.221

Róbert B. Agnarsson 9.975.998.580

Dagrún Hálfðánardóttir 9.671.301.885

Auðir og ógildir seðlar - 0

Samtals greidd atkvæði 52.664.413.123

Ásdís Eva Hannesdóttir og Magnús Pálmi Skúlason voru því réttkjörin í stjórn sjóðsins til næstu tveggja ára.

8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins - framhald

Fundarstjóri kynnti niðurstöðu kosningar um breytingartillögu Halldórs Friðriks Þorsteinssonar á grein 4.9.

Niðurstaða:

Já 9.238.412.905

Nei 16.881.581.985

Auðir og ógildir seðlar - 0

Samtals 26.119.994.890

Breytingartillaga Halldórs Friðriks Þorsteinssonar á grein 4.9. var því felld.

Gengið var til skriflegra kosninga um breytingartillögu stjórnar á grein nr. 4.9 og útskýrði fundarstjóri hvaða atkvæðaseðil ætti að nota fyrir breytingartillöguna.

Starfsmenn rekstraraðila önnuðust talningu undir eftirliti Soffíu Björgvinsdóttur frá KPMG.

Haldið var áfram með lið 8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Arnaldur Loftsson framkvæmdastjóri Frjálsa kynnti eftirfarandi samþykktabreytingar:

<http://www.frijalsi.is/library/Skrar/Um-sjodinn/Gogn-arsfundar/2019/Tillögur%20um%20breytingar%20á%20samþykktum%20Frjálsa%20lífeyrissjóðsins.pdf>

Orðið var gefið laust um tillögur til breytinga á samþykktum.

Hulda Guðmundsdóttir, benti á að í breytingartillaga á gr. 3.3 væri ætlunin að aðgreina rétthafa og sjóðfélaga. Gæta yrði þess að samsvarandi aðgreining yrði í öðrum greinum samþykktanna, því þetta orðalag komi margoft fyrir, ekki bara í 3.3.

Arnaldur Loftsson þakkaði fyrir ábendinguna og sagði að stjórn myndi taka þetta til skoðunar fyrir næsta ársfund.

Unnar Már Sigurbjörnsson, óskaði eftir því að 3.3 yrði tekin til frekari umræðu og skriflegrar atkvæðagreiðslu. Mjög margir gallar væri á greininni að hans mati.

Ábending kom varðandi rafræna atkvæðagreiðslu. Hvar ætti umræða að fara fram? Umræðuvettvang vantaði. Hvernig eigi athugasemdir að komast að?

Arnaldur Loftsson, sagði að gert væri ráð fyrir að tillögur um breytingar á samþykktum yrðu alltaf kynntar og ræddar á ársfundi og síðan yrði kosið um þær rafrænt eftir ársfund.

Hannes Valgeirsson, spurði um breytingu á grein 4.1, hvernig ættu menn að bjóða sig fram og hvernig eiga þeir að kynna sig? Kynningar hefðu til þessa farið fram á aðalfundi.

Arnaldur sagði að gert væri ráð fyrir að stjórnarmenn byðu sig fram með sama hætti og áður, þ.e. með skriflegri tilkynningu til sjóðsins. Kosning í stjórn færi fram fyrir ársfund og úrslit yrðu kynnt á ársfundi. Frambjóðendur gætu m.a. kynnt sig á vef og fésbókarsíðu Frjálsa og með öðrum hætti sem þeir kysu.

Fundarstjóri gerði hlé á þessum lið til að kynna niðurstöðu kosninga um varamenn.

4. Kosning varamanna í stjórn, framhald

Fundarstjóri kynnti niðurstöðu kosningar um varamenn í stjórn.

Niðurstaða:

Hrafn Árnason	18.934.262.848
Sigurður H. Ingimarsson	15.918.694.866
Halldóra Elín Ólafsdóttir	15.397.307.914
Sæmundur Norðfjörð	8.213.041.787
Anna María Sigurðardóttir	6.695.243.653
Ingvi Þór Georgsson	5.510.052.712
Auðir og ógildir seðlar	= 0
Samtals	70.668.603.780

Réttkjörnir varamenn í stjórn voru því Hrafn Árnason til næstu þriggja ára, Sigurður H. Ingimarsson til næstu tveggja ára og Halldóra Elín Ólafsdóttir til eins árs.

8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins - framhald

Fundarstjóri gaf aftur orðið laust til umræðu um samþykktabreytingar, og þakkaði góða ábendingu til stjórnar um að taka til skoðunar hvernig yrði staðið að kynningum á framboðum.

Víðir Jónsson spurði um framkvæmd rafrænna kosninga, „*verða þær leynilegar, og hver á að tryggja að svo verði?*“

Arnaldur Loftsson sagði að til væru fordæmi fyrir rafrænum kosningum hjá lífeyrissjóðum, hver og einn greiðir með sínum síma eða tölvu. Sjóðurinn myndi ekki fara í þessa vegferð nema fyllsta öryggis verði gætt.

Unnar Már Sigurbjörnsson, óskaði eftir að fá tillögu 3.3 aftur upp á skjáinn. „*Ég set stórt spurningarmerki við þessa tillögu að réttthafi geti í raun millifært inn í sjóðinn. Og í raun finnst mér þetta galopna dyrnar á áhlaup á sjóðinn. Það þarf ekkert rosalega marga til að gera áhlaup á þennan fund. Til að ná meirihluta í þessum sjóð. Ég ítreka að það verði kosið um þessa tillögu skriflega.*“

Gengið var til skriflegrar kosningar um breytingartillögu stjórnar á grein nr. 3.3.

Fundarstjóri tilkynnti niðurstöðu kosningar um samþykktarbreytingu stjórnar á grein nr. 4.9.

Niðurstaða:

Já	16.279.498.413	70,1%
Nei	6.788.217.321	29,2%
Auðir og ógildir seðlar	167.241.845	0,7%
Samtals	23.234.957.579	

Breytingartillaga stjórnar nr. 4.9 var því samþykkt með meirihluta atkvæða, eða yfir 2/3 eins og samþykktir kveða á um.

Breytingartillögur á eftirfarandi greinum voru samþykktar með atkvæðum þorra fundarmanna, þrír fundarmenn voru á móti:

Breytingartillögur á greinum 4.1. og 4.2

Breytingartillögur á greinum 5.4.3., 5.4.4. og 5.4.5.

Breytingartillaga á grein 16.2.

Breytingartillaga á grein 21.1.

Fundarstjóri tilkynnti niðurstöðu kosningar um tillögu um samþykktarbreytingu stjórnar á grein nr. 3.3.

Já	18.903.086.201	98%
Nei	fékk 202.171.987	1%
Auðir og ógildir seðlar	167.241.845	1%


Breytingartillaga stjórnar nr. 3.3 var því samþykkt með meirihluta atkvæða, eða yfir 2/3 eins og samþykktir kveða á um.

10. Önnur mál

Ásdís, þakkaði sjóðfélögum fyrir komuna á ársfundinn, þakkaði framkvæmdastjóra sjóðsins og starfmönnum Arion banka fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári. Hún þakkaði einnig fyrir þær ábendingar sem fram komu á fundinum og sagðist taka þær til skoðunar. Ásdís sagði að stjórnin væri nú í fyrsta skipti kosin öll af sjóðfélögum. Sjö einstaklingar hefðu falist í stjórn sem kæmu hver úr sinni áttinni. Engin flokkamyndum hefði orðið og rökræður og skoðanaskipti leiddu jafnan til farsællar lendingar.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara og boðaði að fundargerðin yrði sjóðfélögum aðgengileg á vefsíðu sjóðsins. Fundarstjóri þakkaði framsögumönnum fyrir þeirra framlag til fundarins og fundarmönnum samstarf við fundarstjóra um afgreiðslu dagskrármála.

Sleit að svo húnu fundi kl. 21:45



Gestur Jónsson

Fundarstjóri



Unnur Elín Jónsdóttir

Fundarritari